P Scan 1506.5

Kvennablaðið kostar 3 kr. innanlands erlendis kr. 3 60 (1 dollar vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrfram, en ½ fyrir 15. júlí.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útget. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

25. ár. | Reykjavík, 31. des. 1919. | № 12.

Til kaupenda Kvennablaðsins.

Það er með dálítið einkennilegum tilfinningum sem ég sendi nú þessi síðustu tölublöð 25. árg. Kvennablaðsins frá mér út um landið. Öllum ykkur er kunnug hin mikla verðhækkun, sem hvervetna kemur fram, og þá ekki síst í útgáfu blaða og bóka. Það má óhætt fullyrða, að kostnaðurinn við það hafi sexfaldast, svo ekki er undarlegt þótt þau hækki í verði. Eg hefi þó ekki séð mér fært að hækka verð Kvennablaðsins um meira en helming, eða úr kr. 1,50 upp í kr. 3.00

En þessi verðhækkun blaðsins nægir ekki fyrir auknum kostnaði. Blaðið hlýtur því að safna skuldum ár frá ári ef svo er haldið áfram. Og auk þess hækkar nú kostnaðurinn enn þá, með því að nú er ráðgert að prentun hækki enn um 40—50%. Burðargjald hækkar einnig og pappír hefir stöðugt verið að hækka í verði. Eg get því ekki séð mér fært að halda áfram útgáfu blaðsins á sama hátt og áður. En hvort nokkur ráð önnur verða fyrir framtíð þess, eða það verður að leggjast niður, það veit eg ekki að svo stöddu.

Eg hefi heyrt að stöku konur segðu að það væri undarlegt að Kvennablaðið bæri sig ekki *eins og önnur blöð*. Enn hver eru þau blöð, sem bera sig nú hér á landi hjálparlaust, að undanteknum auglýsingablöðunum? Og hvar eru þau *Kvennablöð*, sem að eins fjalla um kvennamál og önnur þjóðfélagsmál, sem nú bera sig, hvar í heimi sem er? Eg þekki þau ekki. Danska kvenréttindablaðið »Kvinden og Samfundet« sem hið stóra danska kvenfélag »Dansk Kvinde Samfund« gefur út, bar sig ekki fyrir stríðið, en þá var öllum meðlimum félagsins gert að skyldu að kaupa það, en þeir voru 10 000, og svo urðu sambandsdeildarstjórnirnar að innheimta andvirðið og standa skil á því. En þegar stríðið skall á og alt hækkaði svo gífurlega í verði þá dugði þetta þó ekki. Þá var skorað á sambandsdeildirnar að útvega 300 »Garantista« eða ábyrgðarmenn, sem styrktu blaðið árlega í 5 ár með 10 kr. hver. Það varð 3000 kr. alls. Þessi aðferð hefir bjargað blaðinu, sem þá varð þó að minka nokkuð blaðsíðutöluna. Sama ráð sé eg að norska kvenréttindablaðið »Nylænde« hefir tekið upp í haust. Það biður um að konur útvegi 200 ábyrgðarmenn, sem leggi því 10 kr. styrk árlega um óákveðinn tíma, og sænska kvenréttindablaðið „Rösträtt för Kvinnor" hættir nú að koma út af fjárskorti.

Þegar eg sé og athuga þetta, þá virðist mér eg ekki þurfa að bera neinn kinnroða fyrir, þótt eg hafi ekki getað látið Kvennablaðið bera sig, nú á síðustu árum. Margir hafa ráðlagt mér að breyta stefnu þess. Gera það líkara því, sem það var áður, léttara og læsilegra. Fylla það fremur með sögum, góðum ráðum, eldhúsbálki o. fl. Sleppa ritgerðunum. Konum leiðist þær. Ungu stúlkurnar og konurnar vilji ekki lesa þær, og því nái Kvennablaðið ekki til þeirra.

Það má vel vera að þetta væri réttasta leiðin. En eg er orðin of gömul til að fara hana. Mér finst það væri að niðurlægja Kvennablaðið, að afneita sínum stærstu áhugamálum. Vel veit eg, og þakka og gleðst yfir því, að við íslenzku konurnar höfum fengið mörg af þeim réttindum, sem Kvennablaðið hefir barist mest fyrir, t. d. fullkomið pólitískt jafnrétti, ef stjórnarskrárbreytingin frá í sumar verður samþykt á aukaþinginu í vetur, sem varla þarf að efa. Og þá má ekki síður telja lögin frá 1911, um jafnrétti kvenna og karla til allra æðri

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

mentastofnana, námstyrkja, embætta og opinberum stöðum, með sömu skilmálum og launum og karlmenn hafa. Í *þessu* máli erum við komnar feti lengra en nokkrar aðrar þjóðir. Danskar konur hafa nú í sumar fengið, með lögum, aðgang að öllum opinberum embættum ríkisins og stöðum, með sömu launum og karlmenn, að undanteknum prestlegu embættunum. Þar fá þær enn þá ekki aðgöngu. En þar höfum við íslenzku konurnar fult jafnrétti líka.

Í öllum þessum framgangi kvennamálanna hér á landi leyfi eg mér að segja, að Kvennblaðið eigi sinn stóra skerf. Og eg vona að það geri margir með mér. Auk þess að flytjn okkar jafnréttiskröfur hefir það skýrt frá því hvernig aðrar konur erlendis börðust fyrir samskonar réttindum, hvernig þeim væri tekið af stjórnmálamönnum og stjórnendum, og hvað þær bæru úr býtum. Það má segja að Kvennablaðið hafi verið eitt allra blaðanna um að flytja þessar fregnir frá umheiminum, og með þeim að flytja nýja strauma og nýjan hugsunarhátt. Á þenna hátt hefir mikið af því almenningsáliti myndast, sem borið hefir þessi mál fram til sigurs, hjá okkur.

Það getur vel verið, að ýmsum þyki eg eigna Kvbl. nokkuð mikið hlutverk En eg held að það sé ekki ofmælt. Eftir að það — um 1905 — tók þessi mál upp á stefnuskrá sína má segja að það hafi eingöngu unnið fyrir þau.

Það er mér mikil gleði að líta til baka yfir þenna liðna aldarfjórðung, og sjá þann árangur, sem orðinn er af kröfum okkar kvennanna. Við höfum fengið margt af fyrstu skilyrðunum, sem er fyrir því að við getum orðið þroskaðir borgarar og góðir starfsmenn, ættjörð vorri. Það *er þetta*, sem nú er eftir að vinna. Það er að koma öllum öllum þessum frjalslegu lögum í framkvæmd úti í hinu daglega lífi Það er kvennanna eigið hlutverk að vaka yfir *sínum* hagsmunum. »Enginn er annars bróðir í leik, og hafi þær ekki vit og manndað til að láta þessi réttindi verða þá lyftistöng fyrir konur og þar með alla þjóðina á komandi öldum sem þau eiga og geta verið, þá mega þær sjálfum sér um kenna.

Fyrsta skilyrðið til þessara framfara, er að nota hin gefnu réttindi. Og þá kemur fyrst til það skilyrðið: *að* vera *jafnfær* í hverja stöðu sem þær æskja eftir, og keppinautar þeirra, karlmennirnir. Sé það skilyrði uppfylt, þá er að gera sig gildandi. Láta taka jafnmtkið tillit til sín og þeirra. Gera sig ekki ánægða með lægri laun eða minna tillit, til að komast að, og sjá um að konur fái að hækka í stöðum eftir verðleikum og venjum eins og karlmennirnir, en ekki gera sig ánægða með að nöldra að eins yfir ranglætinu, en *þola það þó*.

Það er þetta jafnréttis *launamál* sem konur um allan heim eru nú byrjaðar að berjast fyrir. Það skref er stigið hjá oss. Því er með lögum frá 1911, sem áður er getið, *slegið föstu*, að aðgangur að öllum embættum ríkisins og stöðum, *sé jafn fyrir konur karla, með sömu skilyrðum.* Því mega *konurnar sjálfar aldrei gleyma*. Á þessari reglu verða svo öll önnur launakjör kvenna að byggjast.

Að öllu þessu yfirveguðu mundi nú ýmsum sýnast að ekki þyrfti lengur á sérstökum kvenréttindablöðum að halda. En það er ekki ætíð miklu hægra að gæta fengins fjár en afla þess. Til þess að varðveita þessi réttindi, og auka þau með öðrum nýjum, þarf *vakandi áhuga* kvenna, samstök og sterkan félagsskap. Þær verða að finna til hver með annari, þótt nokkrum þeirra líði vel, má engin þola að öðrum þeirra sé misboðið eða séu beittar ranglæti. Þær vitrustu og sterkustu eiga að taka upp hanskann fyrir þær, sem eru minni máttar. Og þessi samvinna verður að bindast saman með blöðum, ritgerðum, fyrirlestrum og fundum. En því verða konurnar sjálfar að ráða hvernig þær haga sér í þeirri samvinnu.

Það verður nú hlutverk yngri kynslóðarinnar að taka upp það sem eftir er af kvenréttindamálunum og koma þessu öllu í það horf, sem vakað hefir fyrir oss eldri konunum. Við höfum viljað að konurnar hefðu bæði rétt og skyldu til að vinna með

karlmönnum á öllum sviðum þjóðfélagsins, með sömu skilyrðum og þeir í öllum greinum. Og við höfum trúað því að það mundi bæta þjóðfélagsskipunina. Að þá yrði uppeldi barnanna betur vandað en nú er. Að almenn hluttaka kvenna í fátækramálum mundi hafa meiri nákvæmni og mannúð í för með sér, og að þátttaka þeirra í löggjöf og landsmálum mundi hafa siðbætandi áhrif, þegar þær sjálfar færu að skilja hvílík ábyrgð fylgir öllum réttindum, og að það er hvorki fyrir sakir almennings álits eða virðinga, sem að framþróun og þroska kvenna, og þar með allra komandi kynslóða skal vinna, heldur verður það sú skylda sem hver góð og hugsandi kona ekki getur undan skorast.

Við eldri konurnar, sem að þessu höfum reynt að vinna, förum nú að leggju af okkur þessa þungu byrði á hinar ungu og óþreyttu herðar ungu uppvaxandi kvennanna. Þær eru farnar að uppskera margvíslega ávexti þesara ýmsu réttarbóta, því verða þær líka að taka við skyldunum, og ábyrgðinni á því að þessar réttarbætur verði ekki eintóm pappírslög, heldur lifandi virkileiki, sem þær færi út í lífið. Þær mega ekki halda að nú sé öllu óhætt, alt sé nú fengið, sem konur hafi óskað eftir, og ávextirnir komi af sjáifu sér. Þær skulu vita það, að til þess að þessi réttindi verði að tilætluðum notum, verða þær að standa á verði fyrir þeim, hafa ábyrgð á því hvernig konur nota þau, og að þær skilji alment að þeirra hlutverk sé að gera sig allstaðar ómissandi, og fylla með sæmd allar þær stöður, sem þær taka að sér, hvort sem það er á heimilunum eða utan heimilis. Allstaðar verða þær að vera með, sem athugasamar og umhyggjusamar fóstrur og verndarar siðgæðis og andlegs þroska yngri kynslóðanna. Berandi umhyggju fyrir öllum þeim, sem mest eru hjálparþurfandi í þjóðfélaginu.

Til alls þessa munu konar þurfa framvegis bæði blöð og félagsskap. Þær verða að vita, að aldrei er þeim óhætt að hugsa, að þær megi leggja höndurnar í skautið. Engin fullkomnun fæst fyrirhafnarlaust. Og þótt pappírslögin séu til, sem leyfi til ýmislegra réttinda, þá er eftir að nota þau og láta þau ná tilgangi sínum. *Það er aðal-atriðið.*

Það er mér að mörgu leyti ánægja að líta yfir þessi 25 blaðamenskuár mín, og með þakklæti minnist eg margra af kaupendunum og lesendunum. Enn í dag heldur Kvennablaðið ótrúlega mörgum af sínum fyrstu kaupendum, sem hafa keypt það allan tímann. Það er trygð þeirra við blaðið og stefnu þess, sem eg þakka sérstaklega, því vel veit eg, að margt hefir mátt að mínum verkum finna, þótt viljann hefði eg til að vinna að ýmsu gagnlegu.

Öllum hinum mörgu konum og körlum, sem á þessum liðnu tuttugu og fimm árum hafa stutt að framgangi þeirra mála, sem blaðið hefir barist fyrir, þakka eg þeirra mikilsverðu liðveizlu. Eg þakka hin mörgu hlýju bréf og vináttumerki, sem eg hefi fengið víðsvegar að á þessu tímabili, og aukið hafa mér trú og traust á mögulcikunum að vinna með blaðinu til gagns fyrir íslenzku konurnar. Blaðið er á þessum tíma orðið mér annað og meira en atvinnufyrirtæki. Það er band milli allra okkar íslenzku kvennanna frá ystu andnesjum fram til instu dala. Og það er ekki sársaukalaust að hugsa til að það band slitni alveg.

Að endingu þakka eg sérstaklega öllum hinum mörgu útsölukonum og körlum, sem á þessum tíma hafa með dugnaði og trúfesti sinni haldið Kvennablaðinu uppi í heilan aldarfjórðung, og þannig gefið áhugamálum okkar kvennanna byr undir báða vængi.

Gleðilegt nýár til ykkar allra!

Kærar þakkir fyrir öll liðnu árin!

Með einlegri vináttu.

Briet Bjarnhéðinsdóttir.

Kveljið ekki skepnurnar með slátruninni

heldur veitið þeim sem fljótastan og kvalaminstan dauðdaga.

Drepið *alla* fugla, með því að höggva af þeim höfuðið með beittri öxi. Drepið *ekki* endur og gæsir með því að stinga þeim

hnakkastungu. Það er langur og kvalafullur dauðdagi.

Allar ferfættar skepnur ætti að deyfa með skotvopni áður en þeim er slátrað. Látið ekki skepnur sjá þegar öðrum skepnum er slátrað.

Fiskur deyfist ef hann fær hart högg aftan á hnakkan. Svo á að skera mænuna í sundur með beittum hníf.

Ál má ekki flá, fyr en höfuðið er skorið af honum. Leggið hann svo í volgt vatn og þá næst roðið hæglega af.

Þegar skepna er drepin seinlega eða farið illa með hana, þá verður kjötið óholt til manneldis.

Við biðjum *konurnar* að hjálpa okkur til þess að gera *slátrunina mannúðlega* og að þær geri sjálfar þær kröfur til allra, sem verzla með kjöt, fisk og fugla. Einkum eru það þó fuglar og fiskar, sem þær eiga að heimta að drepnir séu á ofanskráðan hátt.

Látið ekki *börn* vera nærverandi við slátrun. —

Danska dýraverndunarfélagið »Svalan«.

Utan úr heimi.

Danskar konur. Hvervetna er getið um hin nýfengnu réttindi danskra kvenna, að konur skuli hafa sömu laun og karlmenn í öllum opinberum stöðum og sama aðgang að þeim og sama rétt til að hækka í stöðunum. Þykir þetta hin mesta frétt og glæsilegasti sigur, enda héldu danskar konur stóra gleðisamkomu til að fagna þessum atburði. Sænskar konur ræða um þetta og finst mikið til um að vera síðastar í þessum ýmsu réttinda umbótum. En enginn minnist þess að hið fámenna fjarlæga íslenzka alþingi veitti *íslenzkum konum* þessi sömu réttindi *full* og *óskert* 1911, án þess að taka undan geistlegu embættin eins og Danir gerðu.

Hollenzkar konur hafa fengið *kosningarrétt* og *kjörgengi*. Það kynlega atvik kom fyrir í fyrra, að kona átti sæti í hollenzka þinginu, sem ekki átti pólitískan kosningarrétt þar. *Konurnar* sjálfar máttu ekki kjósa til þingsins, en þær máttu sitja á þingi ef karlmennirnir kusu þær. Nú hefir þingið eflaust fundið hvað þessi löggjöf var einkennileg og samþykti loks stjórnarskrárbreytingu í sumar, þess efnis, að karlar og konur hefðu sömu pólitísk réttindi. Hollenzkar konur héldu þennan sigur sinn hátíðlegan með fjölmennum veizlufagnaði í Amsterdam. Undir hátíðahaldinu voru lesnar upp samfagnaðarkveðjur frá mörgum erlendum kvenfélögum og konum, þar á meðal frá Kvenréttindafélagi Íslands, sem hljóðaði þannig:

»Hjartanlegar heillaóskir til vorra hollenzku systra«.

Italskar konur. Snemma í sept. sl. samþykti ítalska þingið í báðum deildum lög um pólitískan kosningarrétt kvenna og kjörgengi, með rétti til að neyta þessa kosningarréttar við fyrstu kosningar, sem fram fara þar.

Rhodesía. Konurnar í lýðveldinu Rhodesía hafa fengið kosningarrétt og kjörgengi 21 árs gamlar. Sömuleiðis skal hver gift kona 21 árs gömul, sem býr með manni sínum, teljast hafa sömu atvinnu og laun, sem veita manni hennar þessi réttindi, nema hann lifi í fleirkvæni og konurnar búi saman með honum.

Indverskar konur hafa haldið marga stóra fundi og sameiginleg þing, þar sem þær krefjast pólitískra réttinda. Þær hafa einnig sent indversku landsstjórninni áskorun um að þær verði teknar með við stjórnarskrárbreytingu þá, sem nú á að gefa Indverjum. Enskar konur hafa einnig haldið stóra útbreiðslufundi fyrir þessu máli og krefjast þess af ensku stjórninni að hún taki tillit til óska indverskra kvenna. En nefnd sú sem enska stjórnin setti í málið, lagði aðeins til að kosningarréttur indverskra karlmanna væri aukinn, en konurnar hefðu ekki þann „nauðsynlega þroska til þess, eftir mælikvarða Norðurálfumanna, þótt þær væru margar mjög vel mentaðar á austurlenska vísu!"

Meðalaskrína prófastsfrúarinnar.

(Þýtt úr sænsku).

Þá náði hans venjulega hreinskilna, góða skap aftur yfirhöndinni. Hann spratt upp, tók utan um mittið á henni, og sneri henni nokkra snúninga í hring, um leið og hann sagði:

„Alls ekkert. En því hefir þú gengið hér með sakleysissvip og hræsnað, óhræsið þitt?"

Haustið er komið. Móarnir eru orðnir ljósrauðir af tytteberjum og reyniberin eru farin að roðna.

Helsingjaflokkarnir sitja ennþá í hópum í ungviðisskóginum og þrestir og sólskríkjur, sem komu með vorinu, sitja ennþá á skógargreinunum og syngja. Á prestssetrinu, bogna greinar trjánna í aldingarðinum, niður af stórum rauðum eplum, og rauðbrúnum safaríkum perum. Blommutrén strá sínum gullgulu auðæfum ofan á grasbreiðuna og dökkrauðir og ginnandi hanga ribsberjaklasarnir inni í græna laufskrúðinu. Sigríður raðar daglega saman ávöxtum í fulla körfu, sem er jafn yndisleg fyrir augun og hún er ginnandi fyrir munninn, sem kandidatinn sannar í verkinu. Einkum er henni umhugað á fimtudögunum að innihald körfunnar sé bæði fallegt og freistandi. —

Nú er ennþá aftur komið fimtudagssíðdegi. Unga stúlkan lítur nú við og við ofan á veginn og strýkur svo nær því óafvitandi hendinni yfir ljósa, hrokna hárið sitt. Það er auðséð að hún vonast eftir einhverjum. Og bráðum sést maður á reiðhjóli ríða heim að prestssetrinu. Á næsta augnabliki stendur Hugo á húströppunum og mætir þar hinni ungu prófastsdóttur, sem kemur út til að fagna unnusta sínum með kinnar, sem verða alt í einu jafnrauðar eplnnum, sem hún hetdur á, þegar hann heilsar henni með kossi. Þau þurfa sem sé ekki lengur að dylja gleði sína yfir samfundunum, því nú eru liðnir 14 dagar síðan þau trúlofuðust opinberlega. Pétri finst það auk heldur ekkert tiltökumál, þótt Hugo hafi nú tekið aðra hendina á Sigríði og stungið henni inn undir vinstri handlegginn á sér, meðan hann réttir Pétri hægri hendina til kveðju.

Hinn fagri haustdagur líður bráðlega að kvöldinu, með sínu dularfulla töfrandi tunglsljósi í haust-kvöldkyrðinni. En hlýjindi dagsins eru enn eftir í loftinu um kvöldið, þegar Sigríður fylgir festarmanni sínum út að garðshliðinu, til þess að geta ennþá einu sinni talað við hann fáein orð í einrúmi. Og lengi eftir að hann er horfinn á reiðhjólinu langt út á sveitaveginn stendur hún kyr í sömu sporum beygjandi höfuðið ofan að hliðinu, og dreymandi í huganum hin hreinu ástúðlegu augu hans. —

En gamla meðalskrínan hefir nú fengið næðissama daga uppi á hyllu, þar, sem enginn snertir hana tímunum saman, nema þegar einhver sóknarbúa þarfnast hjálpar prófastsfrúarinnar. En þegar Andrés gamli rétt fyrir jólin kemur aftur í apótekið með meðalaskrínuna, þá bregður ofurlitlu brosi yfir andlit Hugo's, og Otto móðurbróðir lítur dálítið kýmilega til hans. En Sigríður getur aldrei farið með hana svo hún strjúki ekki hendinni mjúklega yfir lokið á henni, því hvernig sem það er alt saman, þá getur hún þó aldrei gleymt því, að fyrsti trúnaðarvinurinn, sem hún trúði fyrir sínum fyrstu kærleiksdraumum, var þó gamla meðalaskrínan hennar mömmu.

„Að gefnu tilefni".

Í nóvember-blaði „19. júní" stóð greinarkorn með þessari yfirskrift eftir frk. Ingveldi Láru Lárusdóttur, sem svar gegn grein minni í 8. tbl. Kvennabl. Eg gat ekki stilt mig um að brosa, þegar eg las þetta svar frökenarinnar. Það var svo nauðalíkt því, sem karlmennirnir kalla „kvenna-logik", að eg trúi ekki öðru en að „19 júní" verði hér eftir þeirra eftirlætisgoð, sem sýnilegt merki hins „eilífa kvenleika", er þeir elska svo mjög.

Annars þarf eg ekki að vera langorð um þessa grein. Hún hefir ekki komið nálægt neinum af röksemdaleiðslunum í þessari umtöluðu grein minni, og því síður hrakið eina einustu þeirra. Það sem þar er sagt, stendur því enn þá jafn óhrakið, og þótt frökenin hefði aldrei stungið niður penna á móti því.

Eg get varla heldur verið að svara þeim barnalegu ásökunum frökenarinnar að eg hefði *reiðst* grein hennar í „19. júní", með yfirskriftinni „Þrjú mikilsverð lagafrumvörp", og sem hún byggir þá staðhæfingu á, að eg hafi *andmælt* henni.

Fröken Ingv. L. L. er þó sannarlega komin svo til vits og ára að henni ætti að vera ljóst að menn geta verið á andstæðum skoðunum og haldið þeim fram, þótt því fylgi engin reiði. Svo barnalegum ásökunum hefði eg ekki búist við af bæjarfulltrúa, sem heyrir á hverjum bæjarstjórnarfundi ólíkum skoðunum haldið fram, og dettur þar engum manni í hug að kalla það reiði. Jafnvel hún sjálf hefir stöku sinnum gert sig seka í þessari stóru synd.

Hún segist ekki hafa ritað greinina eftir »innblæstri« annara. Það hefi eg ekki sagt. En ástæða er þó til að halda að fleiri hafi um þetta tjallað en hún, þar sem hún kveður það hafa »styrkt sig« í þeim ásetningi, að rita greinina, að hún hafi verið svo »heppin að tala um þetta mál við þá konu, sem hún vissi að á þessu sviði hefði mesta þekkingu íslenzkra kvenna«.

Já, »*mikil er trú þín kona*«. Fyrir mitt leyti get eg ekki ímyndað mér hvernig frk. I. L. L. *veit nokkuð um það*. Sú kona, sem hér er um að ræða hefir ekki notið nokkurs lögfræðináms, fremur en við Ingv. L. L eða hver önnur íslenzk kona. Að hún fylgi þessum málum með áhuga, þykir mér sennilegt,

Verzlunin

Björn Kristjánsson,

Reykjavík, **Vesturgötu 4,**

selur allskonar **VEFNAÐARVÖRUR** af vönduðustu tegundum; litirnir óvenjulega haldgóðir.

Meðal annars má nefna: **Klæði, enskt vaðmál, fatatau** allsk., **kjólatau, svuntutau, sjöl** stór, mikið úrval; **herðasjöl, karlmannaföt, prjónnærföt** fyrir börn og fullorðna o. m. m. fl.

Verðskrá sendist ókeypis þeim er óska.

en það gera fleiri íslenzkar konur. Hún hefir átt í blaðadeilu erlendis um ýms atriði í hjónabandslöggjöfinni, viðvíkjandi jafnrétti hjónanna fjárhagslega. En það sannar ekki að hún sé öllum íslenzkum konum vitrari En hitt sanna þessi ummæli frk. Ingv. L. L. að *hennar* »innblástur« hefir átt sinn drjúga þátt í tilveru og opinberum greinarinnar í »19. júní«.

Frk. Ingv. L. L. segist ekki hafa »snefil af löngun til að bregða fæti fyrir þessi mál«. Hvað kallar hún þá þau afskifti hennar sjálfrar og annara meðstjórnenda hennar í »Bandalagi kvenna«, að gera tilraun til að fá önnur kvenfélög hér í bænum til að senda þinginu áskorun, að fresta þessum málum? Og þegar ekki tókst að fá önnur kvenfélög með, þá að snúa sér »privat« til þingmanna og nefndarinnar, til þess að fá þá til að salta málið. Það bætir ekkert um þessa aðferð að nefndin sjálf hafði svo slælega gegnt sínum störfum í þessu máli, að þessi ósk »Bandalagsins« og frk. Ingv. L L. hefði orðið uppfylt, þótt engin þeirra hefði hreyft tönn eða tungu, hönd né fót.

Þá segir frá Ingv. L L., að eg telji það skifta engu máli hver afdreif frumvarpanna verða í þinginu, ef það að eins geri sína skyldu — Annaðhvort fer frökenin hér vísvitandi fram hjá sannleikanum, eða hún er skilningssljórri og ófróðari um þingsköpin og venjulegan gang allra mála á Alþingi, en leyfilegt er fyrir leiðtoga kvenna í lögum og landsrétti, því það hefir hún viljað vera í þessum málum.

Flestir aðrir lesendur Kvbl. en frk. Ingv. L. munu hafa séð og skilið að *öll* þessi umtalaða grein mín var »innlegg« fyrir því að frumvörpin næðu sem *fyrst fram að ganga óbreytt. Því* vítti eg aðferð þeirra kvenna, sem vilja fresta málinu og því vítti eg meðferð þingsins á málinu, segi að því hafi þó að minstu kosti borið að uppfylla *sína skyldu*, að láta frumvörpin fá að ganga sinn lögboðna gang í gegnum þingið, þegar stjórnin hafði uppfylt þá skipun þess frá 1917 að láta undirbúa þessi mál og leggja þau fyrir þetta þing. Þótt þingið hefði þá breytt frumvörpunum eða að lokum felt þau, hafði það fult vald til þess. Því ber engin skylda til, eftir þingsköpunum fremur að samþykkja nokkurt frumvarp en fella það. Það ætti ritstýra 19. júní að vita. En *okkar skylda kvenna er sú, að gera alt sem í okkar valdi stendur til að greiða fyrir gangi og framkvæmd þessara laga, en en ekki að tefja þau og setja fótinn fyrir þau.* Það væri sá bjarnargreiði við íslenzkar konur og börn þeirra, sem *engin okkar ætti að láta* eftir sig liggja.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Útgefandi: *Bríet Bjarnhéðinsdóttir.* — Prentsm. Gutenberg.